

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag á hafnarsvæði H-2, Kleifar 8.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 21. desember 2016 breytingartillögu deiliskipulags á hafnarsvæði H-2.

Í tillögunni felst að lóð Kleifa 8 stækkar til austurs og bætt er við nýjum byggingarreit á lóðina.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 12. janúar 2017,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2017